

Úrskurður máls 1/2017-18

Kærandi: Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.

Kærðu: Ábyrgðarmenn Morgunblaðsins.

Kæruefni: Ummæli í Reykjavíkurbreffi Morgunblaðsins 21. maí 2017.

Málsmeðferð

Kæran var send með tölvupósti á skrifstofu BÍ þann 22. maí 2017. Kæran var tekin fyrir á síðanefndarfundum 23. maí og 6. júní.

Málavextir

Kærandi kærir ábyrgðarmenn Morgunblaðsins fyrir brot á 3. grein siðareglna BÍ. Skrifin eru nafnlaus, en ábyrgðarmenn útgáfunnar eru Davíð Oddsson og Haraldur Johannessen, ritstjórar Morgunblaðsins. Kærð eru ummælin „*Af hverju var tómið þarna ekki notað til að ræða þrálátan orðróm um tengsl Kjarnans við „kröfuhafana“ og stóreiganda sem umfram aðra virðist hafa verið með stórfé í Panama af skattalegum ástæðum?*“

„Tómið“ sem vísað er í er sjónvarpsþátturinn Kjarninn sem kærandi stýrir ásamt aðstoðarritstjóra Kjarnans. Kærandi telur ómögulegt að skilja framsetningu bréfitara Reykjavíkurbreðsins með öðrum hætti en að „þrálátur“ orðrómur sé um að Kjarninn sigli undir fölsku flaggi og gangi erinda „kröfuhafa“ án þess að það sé opinberað og sé því að blekkja lesendur sína. Þetta sé rangt og um alvarlegan atvinnuróg að ræða sem byggður sé á engu. Um sé að ræða „*mjög alvarlegt brot sem getur haft viðtækar afleiðingar*“.

Umfjöllun


Uppbygging siðareglna BÍ, breytingar sem á þeim hafa verið gerðar og fordæmisgefandi úrskurðir síðanefndar bera með sér að siðareglunum BÍ er fyrst og fremst ætlað að ná til faglegra ritstjórnarstarfa; til vinnubragða og afurða blaða- og fréttamanna, sem þeir standa að sem fagmenn á fjölmiðlum. Ritstjórnargreinar (leiðarar og ígildi þeirra), þar sem fram koma persónuleg viðhorf hafa með vísan til og túlkun á 5. grein siðareglna BÍ, talist vera utan verksviðs síðanefndar.

Nefna má í þessu sambandi mál nr. 1/1992, þar sem segir: „*Síðanefnd komst að þeirri niðurstöðu, með skírskotun til síðustu málsgreinar 5. greinar siðareglna blaðamanna, að mál þetta falli ekki undir verksvið nefndarinnar*“. Einnig mál nr. 9/1992 þar sem segir: „*Skóðanir sem settar eru fram í forystugreinum falla að dómi nefndarinnar undir síðustu málsgrein 5. greinar siðareglna, samanber fyrri úrskurði nefndarinnar þar um*“. Einnig má nefna mál nr. 4/2004-05: „*Síðanefnd fjallar ekki um leiðaraskrif dagblada eða annað efni sem sett er fram sem persónulegar skóðanir undir fullu nafni, sbr. 5. grein siðareglna B.Í*“. Enn má nefna úrskurð máls nr. 5/2007-2008: „*Framangreind kærð ummæli fela í sér dómgreindarskort. Hins vegar telur síðanefndin að ummælin séu sett fram sem persónuleg skóðun eða tjáning kærða sem hann eigi lögverndaðan rétt til en beri einnig ábyrgð á*“.


Síðanefnd telur að Reykjavíkurbref Morgunblaðsins falli undir ritstjórnargrein í framangreindum skilningi. Ekki standa efni til þess að hverfa frá fyrirliggjandi túlkun 5. gr. siðareglna BÍ og er kæruefnið því utan við verksvið síðanefndar. Málinu er vísað frá.

Úrskurður:


Máli 1/2017-2018 er vísað frá.




Björn Vignir Sigurpálsson




Hjörtur Gíslason



Friðrik Þór Guðmundsson



Ásgeir Þór Arnason



Jóhannes Tómasson